

Vesturbyggð  
Óskar Örn Gunnarsson  
Aðalstræti 75  
450 Patreksfjörður

2. júní 2026  
202604-0074/Á.G.

## Efni: Umsögn - Tillaga að breytingu á deiliskipulagi - Brjánslækur 1 - 0429/2026 Vesturbyggð.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Vesturbyggðar er barst 27. apríl þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Brjánslæk 1 í Vesturbyggð.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið sem um ræðir nær til um 4,6 ha svæðis í landi Brjánslækjar 1 á Barðaströnd í Vesturbyggð. Svæðið er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði í Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035. Með deiliskipulaginu er gert ráð fyrir breytingu á landnotkun úr landbúnaði í verslun og þjónustu. Skipulagssvæðið er innan 2 ha túns með heimiluðu byggingarmagni allt að 1000m<sup>2</sup>. Uppbyggingin er fólgin í gistingarhúsnæði í 11 húsum og við eitt þjónustuhús og henni er haldið afmarkaðri og þéttri innan túnsins til að minnka áhrifin á nærliggjandi landbúnaðarsvæði. Hámarksfjöldi gistirúma innan svæðisins verður allt að 86, þar af 6 í Presthúsinu og allt að 80 í nýjum gistieiningum. Í Presthúsinu er rekin gisting, kaffihús og safn.

### Framkvæmdir utan friðlýstra svæða

Nálægt umræddu skipulagssvæði liggur Surtabrandsgil sem er friðlýst sem náttúruvætti samkvæmt auglýsingu nr. 103/1975. Í því sambandi vill stofnunin benda á mikilvægi þess að tillagan taki tillit til 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem fjallað sé um í tillögunni hvort landnotkun og framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hin friðlýstu svæði. Þetta getur m.a. átt við byggingar, skógrækt, landgræðslu og efnistöku. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

### Innviðir á vegum Náttúruverndarstofnunar

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögu þá er í Presthúsinu rekin gisting, kaffihús og safn. Stofnunin telur mikilvægt að gerð sé grein fyrir áhrifum af fyrirliggjandi tillögu á þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu. Líklega má telja að hún gæti verið jákvæð en aukin fjöldi fólks á svæðið gæti líka kallað á frekari viðveru landvarða á svæðinu. Náttúruverndarstofnun telur því mikilvægt að samráð verði haft við stofnunina um uppbyggingu sem er líkleg til þess fólgin að fjölga gestum svæðisins og þannig haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins.

### **Landslag og ásjúnd**

Náttúruverndarstofnun bendir á að ásjúndin frá Presthúsinu upp í Surtabrandsgilið sé ákveðin landslagsheild á svæðinu og vekur því athygli á að í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að við hönnun mannvirkja, svo sem vega, virkjana og annarra framkvæmda, skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna skal tekið afstöðu til þessa atriðis. Sérstaklega er mikilvægt að huga að huga að vali á staðsetningu og legu mannvirkja, útfærslu í stærð og formi, frágangi að loknum framkvæmdum og litavali sem lykilþætti í aðlögun mannvirkja að umhverfi sínu. Auk þess er mikilvægt að mannvirki samrýmist jarðmyndunum, gróðri og ásjúnd svæðisins.

Virðingarfyllst,

Ármann Guðmundsson

**sérfræðingur**

*Axel Benediktsson*

**teymisstjóri**